Samtök fjármálafyrirtækja

Fjármála-og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt
b.t. Ernu Hjaltested, lögfræðings

Reykjavík, 24. nóvember 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra laga um greiðsluþjónustu (PSD2), mál nr. 232/2020.

SFF hafa tekið framangreind drög að frumvarpi til skoðunar en frumvarpið felur í sér ný heildarlög um greiðsluþjónustu. Um er að ræða viðamikil og vel unnin frumvarpsdrög en með þeim er lagt er til að ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2) verði innleidd í íslenskan rétt.

SFF eru fylgjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt enda er mikilvægt að íslenskur fjármálamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri lagaumgjörð. Eins og fram kemur í frumvarpinu eru takmarkaðar heimildir stjórnvalda til frávika frá efnisákvæðum tilskipunarinnar, við innleiðingu hennar í landsrétt (e. full harmonisation).

Vegna þess skamma tíma sem samtökunum gafst til að fara yfir þessi viðamiklu frumvarpsdrög er sú leið valin að senda frumvarpsdrögin, með athugasemdum, sem fylgiskjal með umsögn þessari. Athugasemdir SFF miða að miklu leyti að því að benda á atriði sem gætu verið skýrari í frumvarpinu miðað við orðlag í tilskipuninni eða miðað við þá starfshætti sem nú eru tíðkaðir í fjármálastarfsemi hér á landi. Í því skyni eru í fylgiskjalinu gerðar ýmsar tillögur að breytingum á lagatexta og texta í greinargerð.

SFF lýsa sig reiðubúin til að funda með ráðuneytinu til að veita frekari útskýringar á athugasemdum og breytingatillögum.

SFF ítreka ábendingar um að mikilvægt er að eftir lögfestingu frumvarpsins styðji Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands við þá vinnu sem greiðsluþjónustuveitendur þurfa að fara í við skjölun á tæknikröfum fyrir netskilafleti (e. documentation of Technical specifiation of interfaces) og uppsetningu á prófunarumhverfi (e. testing facility including support for connection and functional testing). Það yrði til þess að auka líkur á að niðurstaðan verði í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpinu.

Loks vilja SFF nota tækifærið og þakka ráðuneytinu fyrir greinargóða kynningu á helstu nýmælum í frumvarpinu meðan á umsagnarferlinu stóð.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur

Samtök Fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
+354 591 04 00 / sff.is